



## Tilmæli 38/2012

Fyrri númer:  
A 1572/kultur

Fjallað um í:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Málsnúmer: 12-00252-11

## Norrænar aðgerðir gegn atvinnuleysi ungs fólks

Með tilvísun til 45. og 56. greinar í Helsingforssamningnum hefur Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2012 samþykkt tillögu menningar- og menntamálanefndar.

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að gert verði yfirlit yfir og reynslu miðlað um bestu framkvæmd hvað varðar aðgerðir á sviði mennta- og atvinnumarkaðsstefnu eins og félagslega ábyrgð fyrirtækja og hvatakerfi tengdri henni sem geta stuðlað að aukinni atvinnu í formi fleiri nema-, lærlinga- eða starfsþjálfunarstarfa fyrir ungt fólk - æskilegt væri að reynslu væri miðlað í norrænan gagnagrunn sem Norræna velferðarmiðstöðin hefur stofnsett, þar sem geymd eru góð dæmi um bestu-framkvæmd, sem geta hvatt ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára til að ljúka framhaldsnámi með það að markmiði að fá atvinnu;*

*að kortleggja og bera saman samstarfslíkön sem tengja sveitarfélög, menntastofnanir og fyrirtæki í samstarfi um sérsniðið námsferli sem auðveldar ungu fólki (sem stendur höllum fæti) að komast í vinnu;*

*að Norðurlandaráði gefist kostur á að taka þátt (t.d. sem áheyrnarfulltrúi) í leiðtogafundi um vinnumál sem ráðgerður er í maí 2013 þar sem norrænu forsætis- og vinnumálaráðherrarnir bjóða til ráðstefnu í Stokkhólmi um atvinnuleysi ungs fólks;*

*að á þinginu 2013 leggi Norræna ráðherranefndin fram greinargerð um nýjar aðgerðir sem gripið hefur verið til með það að markmiði að takast á við atvinnuleysi ungs*

fólks, ekki síst atvinnuskapandi aðgerðir á við félagslega ábyrgð og hvatakerfi fyrirtækja sem mælt hefur verið með til að draga úr atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum;

að samþykkja og hefja norrænar björgunargerðir vegna atvinnuleysis ungs fólk sem byggja á því að bera saman reynslu og *bestu starfsvenjur* á Norðurlöndum. Norrænar björgunaraðgerðir fyrir ungt fólk skulu byggja á vinnuúrræðum og björgunaraðgerðum í löndunum sjálfum og fela í sér raunhæfa starfsáætlun sem hrint verður hið fyrsta af stað þvert á landamæri Norðurlandanna svo löndin geti saman náð hæstu hugsanlegu samlegðaráhrifum varðandi frjálsa för og atvinnusköpun á Norðurlöndum með því markmiði að draga úr atvinnuleysi ungs fólks sem fer vaxandi.

Helsingfors, 1. nóvember 2012

*Kimmo Sasi*

Forseti Norðurlandaráðs

*Jan-Erik Enestam*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Norðurlandaráð

**Tilmæli 38/2012**

Fyrra númer:  
A 1572/kultur

Fjallað um í:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Málsnúmer: 12-00252-11

Norðurlandaráð

**Tilmæli 38/2012**

Fyrra númer:  
A 1572/kultur

Fjallað um í:  
Menningar- og  
menntamálanefnd

Málsnúmer: 12-00252-11